

til fjáráukalaga fyrir árið 1923.

Frá minni hluta fjárveitingaþingdar.

1. gr.

Til viðbótar við 12. gr. er veitt:

1. Til geitnalækninga, gegn $\frac{2}{3}$ annarsstaðar að	kr.	3000
2. Til Halls Hallssonar, til að lúka tannlæknisnámi og til verkfæra- færakaupa	—	1000
3. Til Benedikts Björnssonar, til að leita lækninga við sjóndepru...	—	2500
4. Til geislastofunnar, til að bæta við sig nýjum áhöldum	—	4800
5. Til Röntgentækja á Akureyri, sakir straumbreytingar	—	10000
6. Til sjúkraskýlis á Blönduósi, $\frac{1}{8}$ kostnaðar, alt að... ..	—	6500

2. gr.

Til viðbótar við 13. gr. er veitt:

1. Viðbótarlina frá Reykjarfjarðarlinunni til Kaldranarness	kr.	6500
2. Til Breiðafjarðarbátsins »Svans«... ..	—	18000

3. gr.

Til viðbótar við 14. gr. er veitt:

1. Til Sigurðar P. Sivertsen, þriðja aldursbót á launum hans, kr. 500 + 300	kr.	800
2. Ferðastyrkur biskups á norrænan biskupafund	—	2500
3. Til að bæta íslenskum stúdentum erlendis upp gengismun á fjársendingum heiman að	—	5000

4. gr.

Til viðbótar við 15. gr. er veitt:

1. Til dr. Jóns Þorkelssonar og próf. Páls E. Ólasonar, til að sækja fund norrænna sagnfræðinga	kr.	5000
2. Til dr. Helga Jónssonar, til að sækja fund náttúrufræðinga í Gautaborg	—	2500
3. Til forstjóra veðurathugunarstofunnar, til að sækja fund veður- fræðinga í Utrecht	—	2500
4. Til Sigurðar Magnússonar læknis, til að sækja fund berklalækna á Norðurlöndum	—	2500
5. Hljóðfæraskólinn	—	1200

5. gr.

Til viðbótar við 16. gr. er veitt:

1. Til Guðbjargar Þorleifsdóttur í Múlakoti, til viðurkenningar fyrir trjárækt kr. 500
2. Til Páls G. Jónssonar í Garði í Fnjóskadal, til viðurkenningar fyrir dýralækningar... .. — 1000
3. Til framhalds hafnargarðs á Sandi, $\frac{1}{3}$ kostnaðar, alt að — 10000
4. Til sjóvarnargarðsins á Siglufirði, helmingur kostnaðar, alt að... .. — 10000
5. Til rannsóknar á Andakilsfossunum, helmingur kostnaðar, alt að — 3000
6. Til stofnenda Sveinatungubúsins, til greiðslu á Ræktunarsjóðsláni -- 3500
7. Til Em. Cortes prentara, utanfararstyrkur til að kynna sjer litprentun seðla og frímerkja — 2500
8. Til Bjarna Sæmundssonar, til fiskirannsóknna, styrkur... .. — 2000

Enda lætur hann af kennaraembætti sínu, en heldur fullum launum.

6. gr.

Til viðbótar við 18. gr. er veitt:

1. Til Árna Th. Pjeturssonar kennara þangað til stjórnin veitir honum starf hans eða annað álíka kr. 500
2. Til viðgerðar á brimbrjótnum í Bolungarvík... .. — 12000

7. gr.

Til viðbótar við 21. gr. er stjórninni heimilað að láta eftirfarandi lán:

1. Alt að 16000 kr. handa Skeiðaáveitufjelaginu. Lánið er veitt til 20 ára, með $5\frac{1}{2}\%$ vöxtum, gegn tryggingum, er stjórnin tekur gildar. Það stendur vaxtalaust 2 fyrstu árin.
2. Alt að 10000 kr. til Jóns G. Ólafssonar, til að kaupa einkaleyfi á uppfundningum sínum. Lánið skal veitt til 10 ára, gegn $5\frac{1}{2}\%$ vöxtum, gegn tryggingu, er stjórnin tekur gilda.
3. Alt að 3000 kr. til matarfelags Kennaraskólans til 10 ára, með $5\frac{1}{2}\%$ vöxtum, gegn ábyrgð, er stjórnin tekur gilda.
4. Alt að 8000 kr. til Geithellahrepps, til vitabygginga. Lánið er veitt til 15 ára, með $5\frac{1}{2}\%$ vöxtum, gegn þeim tryggingum, er stjórnin tekur gildar.
5. Alt að 20000 kr. til Gerðahrepps í Gullbringusýslu, gegn ábyrgð sýslufjelagsins. Lánið er veitt til 20 ára, með $5\frac{1}{2}\%$ vöxtum, gegu tryggingum, er stjórnin tekur gildar.

Greinargerð.

Minni hluti fjárveitinganefndar ber fram þessi fjárukalög af eftirfarandi ástæðum:

Fjárveitinganefnd hefir hvað eftir annað skorað á stjórnina að bera þetta fram, en engin skýr svör fengið. Þykir nú setið meðan sætt var og eigi eftir betra að biða.

Þær fjárveitingar, sem hér eru settar, mega eigi vera í fjárlögum 1924 fyrir því, að þær skekkja um of niðurstöðu þeirra og mundu sýna óeðlilega mikinn halla á þeim. En við þá miklu og sjálfsögðu gætni þingmanna mundi það drepa niður ýmsar nauðsynlegar fjárveitingar á árinu 1924.

Höfuðástæða til þess, að þing er nú háð á hverju ári, er sú, að þingið hefir þá fyllra og rjettara yfirlit yfir fjárhaginn og þarfirnar. En allur sá fjárveitingagrauttur, er kæmi fram við þá aðferð að veita í fjárlögum 1924 fje, sem á að veita í ár, mundi brjóta algerlega í bág við þetta.